

Matteo Tarsi

# *Að halda uppi lögum og reglu*

## Saga og orðmyndun orðsins lögregla

### 1 Inngangsorð

Í þessari grein<sup>1</sup> verður fjallað um sögu og orðmyndun orðsins *lögregla*. Það er ekki skráð í orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar þar sem einungis er að finna orðið *lögga* (*ÍOb*, undir *lögga*). Orðið, sem hér er til umfjöllunar, myndar að öðrum þræði sérstakt dæmi um afleiðslu.

Ef hugað er að formlegu sambandi liðanna tveggja, *lög* og *regla*, þá liggur það í augum uppi að orðið er stofnsamsetning þar sem fyrri liður sýnir hljóðverpt afbrigði af stofninum *lag-*, enda er orðið *lög* ‘formleg fyrirmæli löggjafans’ *pluralia tantum*. Ef til vill er það þó ekki formgerð þessa orðs sem er það áhugaverðasta. Í greininni verður reynt að ganga úr skugga um hvaðan þetta orð kemur, þ.e. hver saga þess er og hvernig það varð til. Því verður haldið fram að orðatiltækið

<sup>1</sup> Hugmynd að þessari grein fékk ég á vormisseri 2014 þegar ég var að skrifa stutta ritgerð í námskeiði um íslenskt fjölmiðlamál. Ritgerðin snerist um heimildarmyndina *Árni Magnússon og handritin* en þar (síðari hluta, 26:08) er orðið *lögreglu-stjóri* lagt í munn Grunnavíkur-Jóni. Vafalaust mun Grunnavíkur-Jón aldrei hafa sagt þetta orð á meðan á Kaupmannahafnarbrunum stóð, en hann notar orðið *pólitímeistari* í skýrslu sinni um þennan atburð (Jón Ólafsson 2005:65). Við ritun þessarar greinar hafa eftirfarandi hjálpað mér og eiga þau þakkir skildar: Unnar Ingvarsson (Þjóðskjalasafn Íslands), fyrir að hafa bent mér á sóknarmannatölin; Alessandro Parenti (Università di Trento), fyrir góð ráð um greiningu afleiðsluferlis; Katrín Axelsdóttir og Jón Axel Harðarson (Háskóli Íslands), fyrir góðar samræður og ekki síst góðar ábendingar; Þórgunnur Snædal, Svavar Sigmundsson og Ari Páll Kristinsson ritstjóri fyrir að hafa lesið yfir og leiðrétt greinina; Margaret Cormack (College of Charleston), fyrir að hafa lesið yfir enska útdráttinn.

að halda uppi lögum og reglu<sup>2</sup> myndi grundvöll fyrir orðmyndun orðsins lögregla<sup>3</sup>.

Um sögu lögreglunnar, eða öllu heldur löggæslunnar, á Íslandi má í örstuttu máli segja að hún hófst á seinni helmingi 18. aldar, þar sem vaktara, þ.e. næturvarða Innréttinganna og þar með bæjarins, er fyrst getið í erindisbréfi frá 1778<sup>4</sup>. Fyrstu alvöru lögregluþjóna fær Reykjavík þó ekki fyrr en árið 1803. Lögregluþjónar þeir er fyrstir voru ráðnir hér til starfa hétu Ole Biörn og Vilhelm Nolte og voru þeir báðir af dönsku bergi brotnir. Vilhelm Nolte var sagt upp starfi árið 1804 og ráðinn annar Dani í stað hans, Henrik Kragh að nafni. Ole Biörn lét af starfi 1814 og tók fyrst við hans stöðu Jón Benjamínsson sem hætti í starfi tæpu ári seinna eða 30. júní 1815 (sbr. Guðbrand Jónsson 1938:56). Lars Möller tók við af honum og sat í embættinu til 1837. Þegar Kragh var sagt upp tók annar maður við árið 1826 og hét sá Magnús Jónsson<sup>5</sup>. Hvað notkun íslenskrar tungu varðar ber svo að nefna að árið 1848 var lögregluþjónum skylt að nota íslensku við

<sup>2</sup> Um aldur þessa orðatiltækis er margt á huldu en elstu dæmi þess eru frá fimmta áratug 19. aldar (*Tímarit.is*). Samt sem áður má vel vera að orðatiltækið sé eldra en elstu skráðu dæmin. Í þessu sambandi ber að nefna að orðaparið, *lög* og *regla*, kemur fyrir í ýmsum tungumálum (ensku, Norðurlandamálum, rómönsku málunum, forngrísku, latínu) og virðist vera mjög algengt. Hér er gerð grein fyrir forngrísku og latneskum dæmum. Í forngrísku kemur orðaparið fyrir t.d. hjá Platón (5.–4. öld f.Kr.) (sbr. *LSJ*, undir *τάξις*). Hvað latínu varðar tókst að finna tvö dæmi. Annars þeirra (*lege atque ordine omnia fiunt*) er getið í ensk-latneskri orðabók eftir William Smith (*ELD*, undir *order*) og er rakið til Plíníusar yngri (1.–2. öld). Vitnað er í bréf Plíníusar en setninguna er hvergi að finna þar. Það má ætla að hér sé um mistök að ræða hjá orðabókarmanninum. Hitt dæmið (*[omnes ministri] qui iure atque ordine potestatibus quibusque subiecti sunt*) er hins vegar í ritgerð um frjálsan vilja eftir Ágústínus kirkjuföður (4.–5. öld). Merkingar latnesku orðanna *lex* og *ius* skarast nokkuð í íslenska orðinu *lög*.

<sup>3</sup> Það að orðið *lögregla* falli vel að þeim orðmyndunarreglum sem almennt gilda fyrir íslenskar samsetningar mælir ekki endilega á móti ferlinu sem hér um ræðir. Þvert á móti. Það að *lögregla* fylgi íslensku orðmyndunarreglunum og flokkist þar af leiðandi réttilega meðal þeirra samsetninga sem hafa *lög-* að fyrri lið (t.d. *löggæsla*, *lögretta*, *lögsgaga*, *lögskipan*) er reyndar *conditio sine qua non* fyrir því að orðið hafi skotið rótum í orðaforðanum. Með öðrum orðum: umrætt afleiðsluferli gengur ekki gegn orðmyndunarreglum íslenskra samsetninga sem *lögregla* fellur fullkomlega að.

<sup>4</sup> Textinn er varðveittur í uppskrift á Borgarskjalasafni Reykjavíkur (Borgarskjalasafn, Geymsla T6, Hilla D1, Aðfnr. 1372, örk 2 (Reikevigs Vægtervæsen 1791–1813)).

<sup>5</sup> Til fróðleiks má geta þess að tvær þjóðsögur eru til um Magnús þennan. Önnur þeirra ber titilinn *Magnús pólití* (*ÍÞ*, 1. bindi, bls. 47–48) en hin *Magnús litli á Eiði* (*ÍÞ*, 3. bindi, bls. 82). Fyrri þjóðsagan segir að Magnús væri ávallt nefndur „Magnús pólití“ (*ÍÞ*, 1. bindi, bls. 47) en að embættisheitinu og sögu þess verður síðar vikið.

störf sín. Um sögu lögreglunnar á Íslandi má fræðast nánar m.a. hjá Guðbrandi Jónssyni (1938) og Guðmundi Guðjónssyni (1997a,b og 2001).

Skipan á greininni er sem hér segir: Í 2. kafla verður umfjölluninni skipt í þrennt. Að loknum inngangi (2.1) verður gerð grein fyrir heimildum og uppruna orðsins *lögregla* (2.2). Í 2.3 verður svo fengist við orðmyndun þessa nýyrðis. Loks (2.4) verða sögð deili á merkingarþróun orðsins úr 'lögreglumaður' í 'lögreglustofnun'. Í 3. kafla verða svo umfjöllunin og niðurstöðurnar teknar saman.

## 2 *Lögregla*

### 2.1 Inngangsorð

Viðfangsefni þessa kafla er saga orðsins *lögregla*. Fyrst skal sagt að ekki verður með fullri vissu úr því skorið, hver notaði þetta orð fyrstur manna en heimildirnar, sem mér eru kunnugar, eru því miður of óljósar til að hægt sé að skera úr um það (sbr. þó uppástungu mína neðar). Í því sem fer á eftir verður saga þessa orðs rakin en hún er skemmtileg og áhugaverð ekki síst hvað snertir leið umrædds orðs inn í orðaforðann, sem og orðmyndunarferli þess, en heimildir sýna að orðið *lögreglumaður* hefur verið notað fyrst. Því verður kastljósinu fyrst beint að því orði og svo útskýrt hvernig *lögregla* sem sjálfstætt orð varð til.

Kaflanum er skipt í þrjá undirkafla: Í þeim fyrsta verða sögð deili á athuguðum heimildum og uppruna orðsins. Í öðrum verður orðmyndunarferli orðsins til umfjöllunar. Í þeim þriðja verður svo gerð grein fyrir merkingarþróun orðsins *lögregla* úr 'lögreglumaður' í 'lögreglustofnun'.

### 2.2 Leiðin inn í orðaforða: heimildir og uppruni

Í þeim fáu ritum sem fást við sögu lögreglunnar á Íslandi er lítið sem ekkert sagt um uppruna orðsins *lögregla*. Í *Lögreglunni á Íslandi* (Guðmundur Guðjónsson 1997b:47) er stuttur pistill eftir Bjarka Elíasson, upprunalega birtur í *Lögreglublaðinu* 1990 (Bjarki Elíasson 1990) þar sem höfundurinn segist hafa haft samband símleiðis við Orðabók Háskólans og spurt hver uppruni orðanna *lögreglumaður* og *lögreglustofnun* væri. Samkvæmt ónefndum starfsmanni Orðabókarinn-

ar kemur orðið *lögreglumaður* fyrst fyrir á prenti á bls. 48 í 10. hefti *Skírnis* árið 1836 en *lögregluþjónn* nokkrum árum seinna eða 1844 í sama tímariti (sbr. ROH, undir *lögreglumaður* og *lögregluþjónn*). Um uppruna og myndun þessara orða stingur Bjarki upp á að *lögreglumaður* sé e.t.v. þýtt úr e. *policeman* en á hinn bóginn að d. *politibetjent* liggi til grundvallar orðinu *lögregluþjónn*. Sennilegt þykir að síðara orðið, *lögregluþjónn*, sé tökuþýðing á d. *politibetjent* en allóliklegt er að *lögreglumaður* sé leitt af e. *policeman*, einkum ef hugað er að því hve lítið enskra áhrifa gætir á máli fyrri hluta 19. aldar (um ensk áhrif sjá t.d. Guðrúnu Kvaran 2004). Réttu skýringin mun þá vera sú að bæði *lögreglumaður* og *lögregluþjónn* séu tökuþýðingar á dönskum starfsheitum, *politimand* annars vegar og *politibetjent* hins vegar (sbr. neðar).<sup>6</sup>

Með þetta í huga lá leið mín í Þjóðskjalasafnið þar sem ég athugaði nokkur 19. aldar sóknarmannatöl úr Reykjavík<sup>7</sup> í leit að eldri dæmum um þetta orð. Sóknarmannatöl, eða sálnaregistur öðru nafni, eru íbúaskrár þar sem ýmsar aðrar upplýsingar koma einnig fram, m.a. starfsheiti. Niðurstaða þeirrar leitar er sú að tökuorðin *politímaður* og *politíþjónn*, og einkum það síðara, virðast lifa góðu lífi á fyrri helmingi 19. aldar (sbr. 9. nmgr.). Fyrstu lögregluþjónar Reykjavíkur, þeir Ole Biörn, Vilhelm Nolte, Henrik Kragh og Magnús Jónsson, eru því skráðir ýmist með hreinu dönsku starfsheitunum *tugtmester*<sup>8</sup>, *politimester* eða *politibetjent* eða *-betjener*, eða íslensku tökuþýðingunum

<sup>6</sup> *Politi* kemur í dönsku úr þ. *Polizei* 's.m.' (sbr. DDO, undir *politi*) sem aftur á móti mun hafa verið aðlagð úr miðlat. *policia* < síðlat. *politia* 'stjórnsýsla' (sbr. EWdS, undir *Polizei* og *Du Cange*, undir *politia*). Latneska orðið mun vera lán úr fgr. *πολιτεία* 's.m.' sem leitt er af *πολίτης* 'borgarbúi' < *πόλις* 'borgríki'. Orðið er mjög útbreitt heiti á ríkislöggæslustofnun og er t.d. að finna í ítölsku (*polizia*), ensku (*police*), frönsku (*police*), sænsku (*polis*), finnsku (*poliisi*), rússnesku (*полиция*). Til gamans má geta þess að nútímagríska notar hins vegar annað orð, þ.e. *αστυνομία*. Orðið er afleidd samsetning og eru hlutar hennar *άστυ* < fgr. *άστυ* 'borg', *νόμος* = fgr. 'lög, regla' + vsk. *-ία*, sem myndar nafnorð m.a. úr öðrum nafnorðum. Tengt gríska orðinu *πόλις* er einnig orðið *πόλιτικός* en í íslensku mun það vera tökuorð úr dönsku. Gríska orðið, sem liggur *politik* til grundvallar, er *πολιτική* (*τέχνη*) 'stjórnspeki'.

<sup>7</sup> Þau eru í kössunum BC/4–9 á Þjóðskjalasafni Íslands. Í BC/4 eru tvö sóknarmannatöl. Annað þeirra nær yfir tímabilið 1784–1804 en hitt frá 1805 til 1824. Í BC/5 er eitt sóknarmannatal sem nær yfir tímabilið 1825–1834. Í BC/6–7 eru tvö bindi. Fyrri bindið nær yfir árið 1835 og svo tímabilið 1840–1845 en það síðara frá 1846 til 1853. Í BC/8–9 eru einnig tvö bindi. Annað þeirra nær yfir tímabilið 1854–1861 en hitt yfir árin 1862–1867.

<sup>8</sup> Í orðabók sinni (*MO*, undir *tugtmester*, 2. merking), útskýrir Matthias Moth orðið *tugtmester* sem „detsamme som en politimester.“

*pólitíþjónn* eða *pólitímaður*<sup>9</sup>. Slík skjöl, sem munu bera vitni um almenna og viðurkennda notkun íslenskrar tungu, a.m.k. hvað efni þetta snertir, sýna að á þeim árum hafði orðið *lögregla* enn ekki verið komið til sögunnar eða öllu heldur að það hafi enn ekki náð til almennings.

Saga íslenskra nýyrða er oft tengd einstökum mönnum sem munu hafa smíðað alls konar orð og þar með aukið orðaforðann og auðgað íslenskuna. Í leit að mögulegum smíði orðsins *lögregla* var ákveðið að kanna skrif þeirra manna er mest létu að sér kveða í menningarlegum málum á þeim tíma annars vegar og höfðu starfað við lagaembætti og/eða numið lögfræði hins vegar, þ.e. skrif Fjölnisþremmenninganna

<sup>9</sup> Árið 1804 eru þeir Ole Biörn og Vilhelm Nolte skráðir sem „Politie Betjener“ (BC/4, 1. bindi, bls. 270). Árið 1805 eru Henrik Kragh og Ole Biörn skráðir með orði sem byrjar á *pólití* en síðari orðsliður er illlæsilegur, e.t.v. *mester* (BC/4, 2. bindi, bls. 46). Næsta árið er Ole Biörn skráður sem „Politimaður“ (BC/4, 2. bindi, bls. 71). Árin 1811–1813 er hann skráður sem „Tugtmester“ (BC/4, 2. bindi, bls. 215 og 244). Í BC/5 (bls. 66, 95, 117 og 169) er Magnús Jónsson skráður ymist sem „Politibetjent“ (árin 1826, 1828 og 1833) eða „Politieþjónn“ (árið 1832). Árið 1840 (BC/6–7, 1. bindi, bls. 28v) er orðið enn *pólitíþjónn* notað í sóknarmannatali og sama máli gegnir um árin 1841–1846 (BC/6–7, 1. bindi, bls. 79v, 102v, 133v, 168v, 203v; 2. bindi, bls. 17v) og fram til 1854, þar sem Hendrik nokkur Hendriksen er skráður sem „lögregluþjónn“ (BC/8–9, 1. bindi, bls. 23). Árið 1854 mun e.t.v. ekki vera tilviljun en í *Tíðindum frá Alþingi Íslendinga* frá 1853 kemur skýrt fram að orðið *lögreglumaður* var enn ekki almennt um þær mundir. Jón hreppstjóri Sigurðsson tekur svo til orða (bls. 172):

En ef þessi lögreglumaður er hreppstjórinn, þá vil eg, að það sé tekið fram með skýrum og skiljanlegum orðum, því „lögreglumenn“ er ekki svo vanalegt íslenskt orð hjá alþýðu, því það er ekki heldur svo mikið, að það sé lögreglustjóri eða lög-regluþjónn. Eg tek mér því breytingaratkvæði við þessa grein á þá leið, að það sé tilnefndur hreppstjórinn.

Þessu er svo svarað með eftirfarandi setningu: „Lögreglumenn kallast allir þeir, sem að lögreglunni þjóna, og hreppstjórarnir líka.“ Annar, mun frægari, Jón Sigurðsson, forsetinn, gerir einnig tillögu um orð yfir ‘lögreglumaður’ en hann vill kalla lögreglumenn *siðamenn* í ævisögu Benjamins Franklins árið 1839 (Jón Sigurðsson og Ólafur Pálsson 1839, 1. bindi, bls. 46; sbr. einnig ROH, undir *lög-reglumaður*). Aðrar tillögur um orð yfir ‘lögreglumaður’ eru *lögregli*, *lögvörður* og *lögþjónn*. *Lögregli* kemur fyrir fyrst árið 1894 í *Ísafold* skv. *Tímarit.is* (sbr. einnig ROH, undir *lögregli*). Ef marka má orð Bjarka Elíassonar (1990:66) mun orðið vera smíð ritstjóra *Ísafoldar*, Bjarnar Jónssonar. *Lögvörður* nefnir einnig Bjarki Elíasson (1990:67) í pistli sínum en hann eignar tillöguna Sveini Sæmundssyni fyrrverandi yfirlögregluþjóni. Samt sem áður kemur orðið fyrir miklu fyrr, í frumortu ljóði Matthíasar Jochumssonar en þar er átt við lögsögumann alþingis hins forna (sbr. *MJLjóð* 1. bindi, bls. 711 og enn fremur ROH, undir *lögvörður*). Dæmi um *lögþjónn* eru fá og er hið elsta frá 1961 skv. *Tímarit.is*. Í pistli Eids Guðnasonar (2013) um málfar og miðla er þess getið að Helgi Hálfðanarson hafi lagt til að lögreglumenn yrðu kallaðir *lögþjónar*. Ekki er þó nefnt hvar þessi tillaga Helga kemur fyrir.

Jónasar Hallgrímssonar, Brynjólfs Péturssonar og Konráðs Gíslasonar.

Jónas Hallgrímsson flutti útskrifaður stúdent frá Bessastaðaskóla til Reykjavíkur árið 1829 og gerðist skrifari sama ár hjá Regner Christopher Ulstrup land- og bæjarfógeta. Jafnframt því að vera skrifari var Jónas skipaður verjandi í nokkrum málum fyrir landsrétti. Jónas Hallgrímsson virðist þó ekki nota orðið *lögregla* eða *lögreglumaður* hvorki fyrir né eftir 1836 en hann notar einvörðungu orðið *pólítí* og orð samansett af því. Sem dæmi má nefna annars vegar málsvarnarskjal dagsett 30. janúar 1832 (*RitJH*, 2. bindi, bls. 322–325), þar sem fram koma *pólítírættur*, *pólítímál* og *pólítídómari*, og hins vegar einkabréf frá 1842 til Stefáns Gunnlaugssonar landfógeta (*RitJH*, 2. bindi, bls. 127–128) þar sem Jónas kýs að nota orðið *pólítí*.

Brynjólfur Pétursson útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1828 og lauk lögfræðiprófi frá Hafnarháskóla 1837. Auk þess að vera Fjölismaður var Brynjólfur einnig virkur meðlimur í Hinu íslenzka bókmenntafélagi sem gefur út tímaritið *Skírni* enn þann dag í dag. Hann var meira að segja í stjórn félagsins 1836, árið sem orðið *lögreglumaður* kemur fyrst á prenti. Ekkert bendir þó til að Brynjólfur hafi verið höfundur þessa orðs en störf hans á vegum bókmenntafélagsins á fjórða áratug 19. aldar hafa einkum verið af formlegu tagi annars vegar (hann var settur í embætti félagsskrifara árið 1830 og hélt þeirri stöðu fram til apríl 1840) og af landfræðilegu tagi hins vegar, en hann endurskoðaði kortmælingu Íslands (sbr. Aðalgeir Kristjánsson 1972:63–65).

Konráð Gíslason, kennari í norrænum fræðum við Hafnarháskóla 1848–1886 (prófessor frá 1853), lauk námi við Bessastaðaskóla 1831 og fór utan um haustið sama ár. Hann hóf háskólanám í lögfræði en sneri sér svo að norrænum fræðum. Hans framlag til íslenskrar málfræði og málræktar er framúrskarandi en hann er ekki best þekktur fyrir nýyrðasmíð (sbr. Halldór Halldórsson 1964:141 og Kjartan G. Ottósson 1990:100). Sem dæmi um starfsemi Konráðs á sviði íslenskrar málræktar má nefna dansk-íslenska orðabók sem hann gaf út 1851 en þar kemur skýrt fram hversu vel hann var að sér í íslenskum orðaforða og e.t.v. einnig í nýyrðasmíð (sbr. orð Jakobs Benediktssonar 1969:105 og neðar).

Auk skrifa þessara manna voru athuguð bréf stúdenta í Höfn (Finnur Sigmundsson 1963) og Bjarna Thorarensens (Bjarni Thorarensen 1986) en þar kemur orðið *lögregla* aldrei fyrir.<sup>10</sup> Kennari áðurnefndra

<sup>10</sup> Í skýringu Jóns Helgasonar varðandi síðu 151 í bréfum Bjarna Thorarensens (Bjarni Thorarensen 1986, 2. bindi, bls. 374) vitnar Jón í bréf Finns Magnússonar til Bjarna dagsett 14. maí 1836 og umorðar textann þannig að orðið *lögregla* kemur



manna, Hallgrímur Scheving, lagði einnig stund á að safna orðum. Þó að varðveittu orðasöfnin séu öll afrit með annarri hendi en Hallgríms eru þau vissulega ómetanleg heimild um íslensku á 19. öld. Handritin, sem geyma orðasöfn Hallgríms, eru varðveitt á Landsbókasafni Íslands og bera eftirfarandi safnmörk: *Lbs.* 220 8vo, *Lbs.* 283–285 4to, *ÍB* 359 4to.

*Lbs.* 220 8vo, sem jafnframt er elst þessara handrita, er með hendi Konráðs Gíslasonar (sbr. Finnboaga Guðmundsson 1969:167). Það er skrifað 1830 eða skömmu seinna og er viðbótarorðasafn við orðabók Björns Halldórssonar frá 1814 (sbr. Jakob Benediktsson 1969:99 og Guðrúnu Kvaran 2008:156). Þar koma orðin *lögregla* og *lögreglumaður* hvergi fyrir en merkingin 'lögreglumaður' er skráð undir orðinu *siðameistaraveinar* á bls. 400 þar sem svo er vitnað í 3. árgang *Skírnis*. Rétt er þó að þetta orð kemur ekki fyrir í 3. árgangi *Skírnis*, heldur í hinum fjórða, á bls. 32, en sá árgangur er einmitt frá 1830.

*Lbs.* 283–285 4to er afrit Páls Pálssonar stúdents á orðasafni Hallgríms sem inniheldur ýmis orð úr mæltu og daglegu máli íslensku (sbr. Guðrúnu Kvaran 2008:158). Óvíst er hvenær Hallgrímur byrjaði að safna orðum fyrir þetta orðasafn en hvað snertir orðið sem hér er rætt um er ljóst að það hefur verið skráð eftir 1839. Er þar vitnað í ævisögu Benjamíns Franklins eftir Jón Sigurðsson sem og í *Tíðindi frá nefndarfundum íslenzkra embættismanna í Reykjavík* frá 1839 (sbr. 9. nmgr. og neðar). Í orðasafninu koma fyrir orðin *lögreglumenn*, *lögreglustjórn* og *lögregluþyrifir* (*Lbs.* 284 4to, fol. 180v) sem og *siðamenn* (*Lbs.* 285 4to, fol. 21v). Orðin *lögreglumenn* og *siðamenn* eru útskýrð sem „*Politi*“. Í skýringu á orðinu *lögreglumenn* er svo vitnað í 10. hefti *Skírnis* (bls. 48) og í áður nefnda ævisögu Franklins (Jón Sigurðsson og Ólafur Pálsson 1839:46). Tilvitnanir um orðið *siðamenn* eru svo á sama stað í ævisöguriti Franklins og í 13. hefti *Skírnis* (bls. 31).

Síðasta orðasafn Hallgríms er varðveitt í *ÍB* 359 4to og gengur undir nafninu *Florilegium*. Í handritinu, sem ritað er með hendi séra Magnúsar Grímssonar (Guðrún Kvaran 2011:52), eru einungis tökuorð en merkilegt er að *pólítí* er þar hvergi skráð. Á hinn bóginn skráir Hallgrímur elstu löggæsluembættisöfnin *tugtmeistari* og *vaktari*. Hann lætur enga skýringu fylgja fyrra orðinu en hið síðara er útskýrt sem „*vörður, hirðir, gætir, vöktunarmaður*“.

Ef marka má heimildirnar sem voru athugaðar þá er líklegt að

---

þar fyrir. Í bréfinu sjálfu (*Lbs.* 341 a III fol.) er hins vegar notað orðið *pólítí*. Þar að auki virðist Finnur nota enn annað orð yfir 'lögreglumaður', þ.e. *pólítíþenari*, sem er vissulega tökuþýðing á d. *polititjener*.

einhver ofangreindra Fjölnismanna hafi búið til orðið *lögreglumaður* sem jafnframt þýðir að sá hinn sami hafi einnig smíðað orðið *lögregla*. Það vill svo til að fyrsta heimildin um *lögreglumaður*, fréttirnar í 10. hefti *Skírnis*, er einstakt dæmi bæði í sögu tímaritsins og íslenskrar málræktar. Fréttirnar voru samdar af Jónasi Hallgrímssyni og Konráði Gíslasyni (Björn M. Ólsen 1891:17–18, Aðalgeir Kristjánsson 2003:45–49). Þar gætir m.a. áhrifa á Konráð frá skrifum og kenningum Rasmusar Rasks, einkum hvað efnisskipulag varðar, en fréttunum er raðað eftir skyldleika tungumála við íslensku þannig að fyrst koma fregnir þeirra þjóða sem tala tungumál fjarskyldari íslensku (sjá umfjöllun hjá Birni M. Ólsen 1891:17–18 og Aðalgeiri Kristjánssyni 2003:46). Aðalgeir Kristjánsson (2003:46) getur þess til að Jónas hafi gegnt miklu hlutverki í því hve eldgosum og afleiðingum þeirra er vel lýst. Á hinn bóginn tel ég að Konráð hafi staðið fyrir smíði orðsins *lögregla*. Meginrök fyrir því eru þau að orðinu fylgir, innan sviga, spurningarmerki og almenna orðið, þ.e. *póliti*, sem getur einnig þýtt ‘lögreglumaður’. Tökuorðið er sett innan gæsalappa eins og venjulegt er í þessum fréttum. Spurningarmerkið gæti e.t.v. táknað efasemd höfundanna um merkingarlegt gagnsæi orðsins en þeir láta þar af leiðandi almenna orðið fylgja, lesendum til skilningsauka (sbr. orð Jóns Sigurðssonar hreppstjóra í 9. nmgr.). Ég útiloka að Jónas hafi smíðað þetta orð vegna þess að ef svo væri hefði mátt búast við að hann notaði það í seinni skrifum en það gerir hann ekki (sbr. ofangreint). Máli mínu til frekari stuðnings má einnig geta þess að í áður nefndri orðabók Konráðs er d. *póliti* (undir *Politie*) þýtt bæði sem „lög-regla“ og „lögreglumaður“.

## 2.3 Orðmyndun

Eins og fram hefur komið sýna heimildirnar m.a. að orðið *lögreglumaður* er notað fyrst en ekki *lögregla* eins og hefði mátt vænta.<sup>11</sup> Til þess að

<sup>11</sup> Annað, mun eldra orð, *lögsaga*, ber væntanlega einnig að skilgreina sem leitt af „lengra“ orði, þ.e. *lögsögumaður*. Orðin tvö koma fyrst fyrir á svipuðum tíma í elstu íslensku heimildum milli 12. og 13. aldar (sjá ONP, undir *lögsaga* og *lögsögumaður*). Samt sem áður hlýtur *lögsögumaður* að hafa verið smíðað fyrst, en formgerð þessa orðs, þ.e. *lög* + *sögumaður* en ekki *\*\*lögsögu* + *maður*, endurspeglast í öðrum indöevrópskum tungumálum á borð við latínu, *iudex*, fornsaxnesku, *ēosago*, og fornhálfýsku *ēwasago* eða *ēwasagāri* (sjá einnig Benveniste 1969:107–132). Með öðrum orðum, *lögsögumaður* kæmi fyrst inn í orðaforða vegna háttsetts hlutverks hans, það er að segja lögin. Á hinn bóginn er *lögsaga* afleitt orð einmitt eins og lat. *iurisdictionis*, bókstaflega ‘það að segja lögin, lögsaga’, er *nomen actionis* latneska



ganga úr skugga um ástæðu þess skal fyrst velta fyrir sér sambandi samsettra liða í orðunum tveimur og nánar tiltekið hvar höfuð (eða haus) samsetninganna tveggja liggur. Höfuð samsetninga getur verið af tvennu tagi: formlegt og/eða merkingarlegt. Þar sem samsetningar hafa alltaf formlegt höfuð, og beygjast samkvæmt kyni, tölu og beygingarflokki þess, geta sumar samsetningar verið höfuðlausar í merkingarfræðilegum skilningi. *Lögregla* er ein slík samsetning en merkingarviðmið liggur utan samsetningarinnar og ekki er hægt að útskýra merkingu orðsins einungis með því að nota samsettu liðina, þ.e. *lögregla* táknar hvorki lög né reglu, heldur er hún frekar sú stofnun sem heldur uppi lögum og reglu. Þar að auki má einnig segja að samkvæmt skilgreiningu fornindverskrar málfræði teljist *lögregla* til svokallaðra *dvandva*-samsetninga, þ.e. samsetninga þar sem liðirnir eru hliðskipaðir eins og þeir væru tengdir með aðaltengingunni og. Á hinn bóginn hefur *lögreglumaður*, sem og *lögregluþjónn*, merkingarlegt höfuð, þ.e. *maður*, eða *þjónn*, og merking þess orðs er þar af leiðandi 'maður sem vinnur hjá, þjónar lögreglu' eða öllu heldur 'maður sem hefur umsjón með að halda uppi lögum og reglu'. Það er einmitt þessi síðari merking sem er upprunalegust en á fjórða og fimmta áratug 19. aldar voru orðin *lögreglumaður* og *lögregluþjónn* smíðuð í samkeppni við dönsku tökupýðingarnar *pólitímaður* og *pólitíþjónn*. *Pólití* gat einnig verið notað sjálfstætt og merkt tvennt: 'lögreglumaður/þjónn' annars vegar og 'lögreglustofnun' hins vegar. Ef það þýddi 'lögreglumaður/þjónn' var algengt að það væri samsett með *maður* eða *þjónn*. Til þess að orðið *lögregla* gæti ótvírætt táknað stofnunina var bætt greini við orðið. Þess vegna er stofnunin sjálf kölluð *lögreglan*. Að vísu var tímabil þar sem bæði orðin, *lögregla* og *pólití*, háðu einvígi í orðaforðanum og sést það t.d. í eftirfarandi textabroti frá 1839 úr *Tíðindum frá nefndarfundum íslenzkra embættismanna í Reykjavík* (1, fyrri deild, bls. 26–27):

§. 1 áhrærir gapastokks-straff og sjálfskapaðar pólitíbætur, er ekki nema 4 mörkum. Þareð hið fyrrgreinda straff, sem smánarstraff, er afmáð hvað Ísland snertir, með kóngsbréfi 24ða Júlí 1808 §. 9, og, að því leyti við þekkjum til, ekki finnst getið í neinum síðan útgengnum lagaboðum, hvörki í þeim, sem varða misbrotum, nè lögreglu-yfirsjónum, þarf ekki hère að eyða þarum fleirum orðum.

---

orðsins *iudex*. Bæði latnesku orðin munu eiga rætur sínar að rekja til orða-sambandsins *ius dicere* 'að segja lögin' (Benveniste 1969:114).

Í textabrotinu sést greinilega að þegar árið 1839 gat *lögregla* táknað stofnunina en þá var *polítí* enn í fullri notkun og var síðara orðið þá reyndar mun algengara en hitt.

Þar sem líta má á *lögreglumaður/-þjónn* sem tökuþýðingu á d. *politimand/-betjent* er enn óútskýrt hvaðan orðið *lögregla* sjálft kemur, þ.e. hvert orðmyndunarferli þess er.

Kveikjan að lausninni var lestur greinar eftir franska málfræðinginn Émile Benveniste (1958) þar sem hann útskýrir afleiðslu nokkurra latneskra sagnorða á borð við *salutare* ‘að heilsa’ sem almennt er talið leitt af orðinu *salus* ‘heilsa’. Hann kallar sagnorð af þessu tagi „verbes délocutifs“ en hann telur þau ekki vera leidd af nafnorðinu sem slíku, heldur reyndar af orðatiltæki sem, *nota bene*, er venjulega sagt við tiltekna athöfn. Lat. *salutare* væri þar af leiðandi leitt af lat. *salus*, ekki sem nafnorði, heldur sem föstu orðtaki.

Þó að augljóst sé að orðið *lögregla* sé ekki myndað af svipuðum ástæðum og lat. *salutare*<sup>12</sup> má ekki útskýra þetta orð sem einfaldlega samsett af orðunum *lög* og *regla*.

Í þessu sambandi skal huga að eftirfarandi: 1) orðið kemur fyrst fyrir í samsetningunni *lögreglumaður* ‘maður sem heldur uppi lögum og reglu’; 2) *lögregla* er esósentrísk samsetning. Það er *dvandva*-samsetning en ekki *karmadhāraya*-samsetning. Merkingarviðmiðið liggur ekki inni í orðinu, heldur utan þess. 3) *lögregla* virðist ekki þýða hér ‘einhvers konar regla’ þó að orðið hafi mjög sjaldan verið notað í merkingunni ‘lagaregla’.<sup>13</sup>

Ef rétt er athugað þá mætti útskýra þessa *dvandva*-samsetningu með því að segja að til þess að það sé hægt að mynda hana þurfi tvönnan *lög* og *regla* að vera til sem orðapar í orðaforðanum, t.d. í föstu orðatiltæki. Slíkt orðatiltæki gæti þar af leiðandi verið að *halda uppi lögum og reglu* enda er grunnmerking orðsins *lögregla* ‘sem

<sup>12</sup> Það að *lögregla* falli strangt tiltekið ekki inn í skilgreiningu Benveniste skýrist að því leyti að orðatiltækið, sem liggur orðinu til grundvallar, er ekki hrópað né sagt við neina (venjubundna) athöfn, t.d. handtöku (Alessandro Parenti, tölvubréfaskipti, 15. apríl 2016) en það er reyndar fast orðasamband sem útskýrir nánar verkefni stofnunarinnar (og þeirra manna sem henni þjóna).

<sup>13</sup> Dæmi eru til um að orðið *lögregla* hafi verið notað í merkingunni ‘lagaregla’. Þessi dæmi eru öll frá öndverðri 19. öld (sbr. ROH, undir *lögregla*). Samt sem áður sýna dæmin ekki að orðið *lögregla* hafi upprunalega merkt ‘e-k regla’, þ.e. ‘lagaregla’ (ekki eru til eldri dæmi um það), heldur frekar það að orðið *regla* gat í þessari merkingu verið ýmist myndað með stofn- eða eignarfallssamsetningu. Þetta er ekki sjaldgæft fyrirbæri og gerist sögulega séð einnig í orðunum *lög réttur* og *lagaréttur* þar sem fyrra orðið birtist mun seinna en það síðara (sbr. ROH, undir *lög réttur* og *lagaréttur*).

hefur umsjón með að halda uppi lögum og reglu' (sbr. ofangreint í umfjölluninni um orðið *lögreglumaður*).<sup>14</sup>

Höfundar Skírnisfréttanna 1836 þurftu sem sagt á íslenskulegra orði en *pólitímaður/-þjónn* að halda og var smíð þeirra, eða öllu heldur Konráðs Gíslasonar, eitt best heppnaða nýyrði 19. aldar. Skal nú vikið að því að útskýra nánar merkingarþróun orðsins *lögregla*.

## 2.4 Tvær merkingar orðsins *lögregla*

Eins og fram hefur komið hér að ofan myndar orðatiltækið *að halda uppi lögum og reglu* grundvöll í orðmyndunarferli orðsins *lögregla*. Þar að auki leit þetta orð dagsins ljós fyrst í samsetningu með orðinu *maður* en það hefur víða merkingu og táknar manneskju (sbr. t.d. *kvenmaður*). Orðið *lögreglumaður*, og reyndar allar samsetningar með *maður* að síðara lið, er sem sagt svokölluð *karmadhāraya*-samsetning þar sem fyrri liðurinn kveður nánar á um þann síðari. Orðið *lögregla* sem heiti á stofnun eða embætti ber sem sagt að skilgreina sem leitt af orðum með *lögregla* að fyrra lið og nánar tiltekið af orðinu *lögreglumaður/-þjónn*. Hvernig stendur á því?

Heimildirnar sýna (sbr. ROH, undir *lögregla*) að orðið *lögregla*, þegar það er ekki notað í samsetningum, táknar fyrst 'lögreglumaður' og er sem sé stytting á orðinu *lögreglumaður*. Elsta dæmi þess er skv. ROH frá 1847 og ekki eru til eldri dæmi um *lögregla* í merkingunni 'lögreglustofnun'. Merkingarútvíkkun úr *lögregla* 'lögreglumaður' í *lögregla* 'lögreglustofnun' ætti svo að skýra sem sýnekdóku af gerðinni *pars pro toto*, þ.e. merkingarfræðilegt ferli þar sem hluti er látinn tákna heildina. Til frekari skilgreiningar er við orðið *lögregla* 'lögreglustofnun' venjulega bætt greini (sbr. ofar). Það fer þó ekki fram hjá manni að þessi merkingarútvíkkun hefur að öllum líkindum átt sér stað vegna áhrifa frá samheitunum *pólitímaður* og *pólití* sem reynt var að útrýma með orðinu *lögregla*. Sem sagt, úr því að *pólití* gat táknað

<sup>14</sup> Orðið *lögregla* hefur sérstöðu meðal orða sem samsett eru annars vegar með *lög* að fyrra lið og hins vegar með *regla* að síðara lið. Þess ber að geta að venjulega mynda orð samsett með *lög-* eða *-regla* ákvörðunarsamsetningar (*karmadhāraya*-samsetningar). Samt sem áður er í þessu tilviki um *dvandva*-samsetningu að ræða og ekki eru til sérstakar athuganir á þessu fyrirbæri í íslensku en það er sjaldgæft í germönsku málunum. Sem *dvandva*-samsetningar í íslensku má eigi að síður nefna lýsingarorð á borð við *súrsætur*, *bláhvítur* og *daufdumbur*. Sögulega séð eru einnig töluorðin *þrettán*, *fjörtán*, *fimmtán* o.s.frv. *dvandva*-samsetningar (sbr. enn fremur Alexander Jóhannesson 1929:4).

tvennt, 'lögreglumaður' og 'lögreglustofnun', var orðið *lögregla* fyrst notað í stað *pólítí* 'lögreglumaður', þ.e.:

*pólítímaður* : *pólítí* 'lögreglumaður' = *lögreglumaður* : *x* → *lögregla* 'lögreglumaður'

Síðan fékk orðið *lögregla* einnig merkinguna 'lögreglustofnun' sem var hin merkingin sem danska tökuorðið *pólítí* hafði.<sup>15</sup>

Að lokum ber að nefna að *lögregla* er oft stytt í daglegu tali í *lögga* sem felur í sér báðar merkingarnar 'lögreglumaður' og 'lögreglustofnun'. Einnig er til karlkennd mynd af styttingunni, þ.e. *löggi*, en þá hefur orðið einungis merkinguna 'lögreglumaður'. Báðar myndirnar, *lögga* og *löggi*, koma fyrst fyrir á fimmta áratug 20. aldar, samkvæmt *Tímarit.is*, og ber að skilgreina sem stuttnefni.

### 3 Samantekt

Í greininni var fengist við sögu orðsins *lögregla*. Leitað var að uppruna og sögð deili á orðmyndun þessa embættisnafns sem með réttu má skilgreina sem 19. aldar nýyrði. Samkvæmt heimildum birtist umrætt orð fyrst árið 1836 í samsetningunni *lögreglumaður* en árið 1844 kemst samheitið *lögregluþjónn* fyrst á prent. Bæði orðin, *lögreglumaður* og *lögregluþjónn*, ber að skilgreina sem tökuþýðingar, annað orðið á d. *politimand* en hitt á d. *politibetjent*. Í 19. aldar íslensku voru einnig notuð dönsku tökuorðin *pólítímaður*, *pólítíþjónn* og *pólítí* og gat það síðasta merkt tvennt: 'lögreglumaður/-þjónn' annars vegar og 'lög-reglustofnun' hins vegar.

Um uppruna orðsins *lögregla* hafa verið settar fram tvær tilgátur: 1) að orðatiltækið að *halda uppi lögum og reglu* búi að baki orðinu *lögregla*; 2) að Konráð Gíslason, frekar en Jónas Hallgrímsson, sé höfundur þessa orðs en báðir þessir Fjölnismenn skrifuðu textann þar sem orðið *lögreglumaður* birtist í fyrsta sinn, þ.e. Skírnisfréttirnar 1836.

Um 1. lið ber að segja að merkingarviðmið orðsins *lögregla* liggur ekki inni í orðinu heldur utan þess. Þessi esósentríska samsetning af gerðinni *dvandva* skýrist þannig að orðapar, sem hún er sett saman af,

<sup>15</sup> Það að *lögregla* eigi uppruna sinn í samsettum orðum á borð við *lögreglumaður* en ekki öfugt fær einnig óbeina staðfestingu í orðabók Blöndals. Í henni eru talin orð með *lögregla* að fyrra lið en ekki sjálft orðið *lögregla* (sbr. *Blönd.*, undir *lögreglubók* og *Blönd.viðbætir*, undir *lögreglu*-). Merkingarnar 'lögreglustofnun' og 'lögreglumaður' eru skráðar undir „?pólítí“ (um spurnarmerkt orð í Blöndalsorðabókinni sjá Veturliða Óskarsson 1997:26).

sé viðurkennd tvenna sem komi fyrir á hliðskipaðan hátt t.d. í föstu orðatiltæki. Slíkt orðatiltæki gæti verið *að halda uppi lögum og reglu*. Af þessu leiðir að upprunalega merkti orðið *lögregla* einungis 'sem hefur umsjón með að halda uppi lögum og reglu'. Þetta útskýrir einnig af hverju orðið kemur fyrst fyrir í samsetningum eins og *lögreglumaður* sem bókstaflega þýddi 'maður sem hefur umsjón með að halda uppi lögum og reglu'.

Um faðerni orðsins (2. lið) bendir sumt til að Konráð Gíslason hafi verið smiður þessa orðs. Fyrst og fremst vegna þess að orðið *lögreglumaður* kemur fyrst fyrir í texta sem að hluta til var saminn af Fjölnismanninum og svo einnig vegna þess að Konráð skráir orðin *lögreglumaður* og *lögregla* undir orðinu *politi* í hinna dönsku orðabók sinni sem gefin var út árið 1851. Útilokað hefur verið að hinn höfundur Skírnisfréttanna 1836, Jónas Hallgrímsson, hafi staðið að smíði þessa orðs vegna þess að hann virðist hvorki nota orðið fyrir né eftir 1836. Hann kys frekar að nota dönskuslettuna *póliti* og orð samsett af henni.

Hvað samband orðsins *lögregla* og danska tökuorðsins *póliti* áhrærir kemur skýrt fram í hinum athuguðu heimildum að orðin hafi keppt hvort við annað um nokkurra áratuga skeið. Samkeppnin stendur einnig bak við merkingarútvíkkun úr *lögregla* 'lögreglumaður' í *lögregla* 'lögreglustofnun'. Slík merkingarþróun hefur verið útskýrð á þann veg að fyrst hafi orðið *lögreglumaður* verið stytt í *lögregla* við brottfall stofnliðar, væntanlega vegna áhrifa frá danska tökuorðinu *póliti* sem einnig gat merkt 'lögreglumaður'. Þar á eftir fékk orðið *lögregla* einnig merkinguna 'lögreglustofnun' sem var önnur merking danska tökuorðsins. Þetta ferli hefur verið útskýrt sem sýnekdóka af gerðinni *pars pro toto* þar sem hluti er látinn tákna heildina.

## Heimildir

- Aðalgeir Kristjánsson. 1972. *Brynjólfur Pétursson — ævi og störf*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Aðalgeir Kristjánsson. 2003. *Síðasti Fjölnismaðurinn — Ævi Konráðs Gíslasonar*. Reykjavík: Skrudda.
- Alexander Jóhannesson. 1929. *Die Komposita im Isländischen*. Rit Vísindafélags Íslendinga IV. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Benveniste, Émile. 1958. Les verbes délocutifs. Í: Hatcher, Anna Granville og Karl-Ludwig Selig (ritstj.). *Studia philologica et litteraria in honorem L. Spitzer*, bls. 57–63. Bern: Francke.
- Benveniste, Émile. 1969. *Le vocabulaire des institutions indo-européennes*. 2. bindi. París: Les Éditions de Minuit.

- Bjarki Elíasson. 1990. Lögreglumaður-Lögregluþjónn. *Lögreglublaðið* 1990:66–67.
- Bjarni Thorarensen. 1986. *Bréf. Jón Helgason bjó til prentunar. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga XIII–XIV*. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.
- Björn M. Ólsen. 1891. Konráð Gíslason. *Tímarit hins íslenska bókmenntafjells* 12:1–96.
- Blönd.* = *Íslensk-dönsk orðabók*. 1920–1924. Ritstjóri Sigfús Blöndal. Reykjavík.
- Blönd.viðbætur* = *Íslensk-dönsk orðabók — Viðbætur*. 1963. Ritstjórar Halldór Halldórsson og Jakob Benediktsson. Reykjavík: Íslensk-danskur orðabókasjóður.
- DDO* = *Den Danske Ordbog*. <http://www.ordnet.dk/ddo>
- Du Cange* = *Glossarium mediæ et infimæ latinitatis*. <http://ducange.enc.sorbonne.fr>.
- Eiður Guðnason. 2013. Molar um málfar og miðla 1262. <http://eidur.is/3108>.
- ELD* = *A Copious and Critical English-Latin Dictionary*. 1871. Ritstjóri William Smith. New York: Harper & brothers.
- EWdS* = Kluge, Friedrich. 1999. *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*. 23. útgáfa. Elmar Seebold annaðist útgáfuna. Berlin / New York: de Gruyter.
- Finnbogi Guðmundsson. 1969. Af Hallgrími Scheving. *Árbók Landsbókasafns Íslands* 26:156–209.
- Finnur Sigmundsson (ritstj.). 1963. *Hafnarstúdentar skrifa heim — Sendibréf 1825–1836 og 1878–1891*. Íslensk sendibréf IV. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.
- Guðbrandur Jónsson. 1938. *Lögreglan í Reykjavík*. Reykjavík.
- Guðmundur Guðjónsson. 1997a. Upphaf lögreglunnar. Í: Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson (ritstj.). *Lögreglan á Íslandi: stéttartal og saga*, bls. 15–33. Reykjavík: Byggðir og bú.
- Guðmundur Guðjónsson. 1997b. Fyrri hluti níttjándu aldar og fyrstu lögregluþjónarnir. Í: Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson (ritstj.). *Lögreglan á Íslandi: stéttartal og saga*, bls. 34–43. Reykjavík: Byggðir og bú.
- Guðmundur Guðjónsson. 2001. Brot úr sögu lögreglunnar í Reykjavík fram til ársins 1918. *Norræn sakamál* 1:85–102.
- Guðrún Kvaran. 2004. English Influence on the Icelandic Lexicon. *Nordic Journal of English Studies* 3(2):143–152.
- Guðrún Kvaran. 2008. Hallgrímur Scheving og staðbundinn orðaforði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 30:153–177.
- Guðrún Kvaran. 2011. Hallgrímur Scheving og tökuorðin. *Orð og tunga* 13:51–75.
- ÍOb* = *Íslensk orðsifjabók*. 2008. 3. útgáfa. Ritstjóri Ásgeir Blöndal Magnússon. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- ÍP* = Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (ritstj.). 1954–1961. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. Reykjavík: Þjóðsaga / Hólar.



- Jakob Benediktsson. 1969. Íslenzk orðabókastörf á 19. öld. *Andvari (nýr flokkur)* 94:96–108.
- Jón Ólafsson. 2005. *RELATIO af Kaupinhafnarbruninum sem skeði í október 1728*. Sigurgeir Steingrímsson gaf út. Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns.
- Jón Sigurðsson og Ólafur Pálsson. 1839. *Tvær æfisögur útlendra merkismaða*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason. 1836. Frjettir frá vordögum 1835 til vordaga 1836. *Skírnir* 10:1–71.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun — Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Kaupmannahöfn: Bianco Luno.
- LSJ = *The Online Lidell-Scott-Jones Greek-English Lexicon*.  
<http://stephanus.tlg.uci.edu/lsj/#eid=1&context=lsj>.
- MJLjóð = Matthías Jochumsson. 1956–1958. *Ljóðmæli*. Árni Kristjánsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- MO = *Moths ordbog — Historisk ordbog ca. 1700*. <http://mothsordbog.dk>.
- RitJH = Jónas Hallgrímsson. 1929–1936. *Rit eftir Jónas Hallgrímsson*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. <http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn-ritmalssafn>
- Timarit.is. <http://www.timarit.is>
- Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. 1853. Reykjavík: Alþingi.
- Tíðindi frá nefndarfundum íslenskra embættismaða í Reykjavík. 1839–1841. Reykjavík.
- Veturliði Óskarsson. 1997. Tæk orð og miður tæk í Blöndalsorðabók. *Orð og tunga* 3:25–34.

## Handrit

### BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Geymsla T6, Hilla D1, Aðfnr. 1372, arkir 1–3 (Reikevigs Vægtervæsen 1791–1813)

### LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

ÍB 359 4to

Lbs. 341 a III fol.

Lbs. 283–285 4to

Lbs. 220 8vo

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

BC/4

BC/5

BC/6–7

BC/8–9

## Lykilorð

19. aldar íslenska, nýyrði, saga orða, orðmyndun, samsett orð

## Keywords

19<sup>th</sup>-century Icelandic, neologisms, word history, word formation, compounds

## Abstract

This article deals with the history and word formation of the Icelandic word for ‘police’, i.e. *lögregla*. The word constitutes an interesting case of word formation in that said lexeme is a *dvandva* compound whose creation is related to the expression *að halda uppi lögum og reglu* ‘to maintain law and order’. Moreover, it is argued that the word has arisen in the wake of the Icelandic purist movement in the first half of the 19<sup>th</sup> century, and that its creator is Konráð Gíslason, who was at the time a member of the Icelandic Literary Society (Hið íslenzka bókmenntafélag) and editor of the journal *Fjölirnir*.

According to the sources, the word, *lögregla*, cannot have been formed as an independent lexical item. In fact, the word appears first in a compound with *maður* ‘man’, meaning ‘policeman’ or, more precisely, ‘a man who is in charge of maintaining law and order’. It is argued that *lögregla* has in fact been created in order to gradually substitute the Danish loanword *pólití*, first in compounds such as *pólitímaður* and *pólitíþjónn* ‘policeman’, and then as a single lexeme. The Danish loanword *pólití* had a twofold meaning: ‘policeman’ and ‘police’. Moreover, it is argued that *lögregla*, as an unbound lexeme, was initially a shortened form for *lögreglumaður*, and later assumed the general meaning ‘police force’ by means of synecdoche (*pars pro toto*).

Matteo Tarsi

mat17@hi.is

Háskóla Íslands

ORCID-númer: [orcid.org/0000-0001-6548-7874](https://orcid.org/0000-0001-6548-7874)